

MYNDSTEF

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. janúar 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um myndlistarlög, 306. mál

Stjórn Myndstefs hefur borist til umsagnar frá Nefndasviði Alþingis frumvarp til myndlistarlaga.

Stjórnin telur að verði þetta lagafrumvarp samþykkt af Alþingi muni það hafa í för með sér ýmsar úrbætur fyrir myndlistarmenn, söfn og aðrar stofnanir sem fjalla um myndlist svo og almenning í landinu sem hefur áhuga á þessu sviði.

Stjórnin leyfir sér að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Athugasemd við 4. gr.

Stjórn Myndstefs telur eðlilegt að það verði takmarkað í lögum að forstöðumaður Listasafns Íslands megi aðeins sitja tvö skipunartímabil eins og reyndar núgildandi lög Listasafnsins segja til um, sbr. 4. gr. laga nr. 58/1988.

Í greinargerð með frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að það verði framkvæmd ráðuneytisins að forstöðumenn listastofnanna gegni að öðru jöfnu ekki starfi lengur en að hámarki tvö starfstímabil, þar sem æskilegt sé að stuðla að þróun og endurnýjun listgreinanna. Með tilvísun til þessarar umsagnar í greinargerðinni telur stjórn Myndstefs rétt að þessi hámarksstarfstími sé bundin í lögum.

Athugasemd við 5. gr.

Stjórn Myndstefs leggur til að skipun innkaupanefndar Listasafn Íslands verði með sama hætti og verið hefur hingað til, sbr. núgildandi lög um Listasafn Íslands 8.gr., þ.e. að nefndin verði skipuð tveimur fulltrúum frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna ásamt safnstjóra Listasafns Íslands. Þessi háttur hefur hingað til gefist mjög vel og hefur enginn ágreiningur komið fram um hið faglega starf nefndarinnar. Þessi skipan hefur tryggt hlutlaus og fagleg innkaup á vegum safnsins.

Athugasemd við 6. gr.

Í 6. gr. er verið að rýmka heimild Listasafns Íslands til þess að lána verk úr safninu, ekki bara til listsýninga heldur til annarra stofnana. Stjórn Myndstefs telur varhugavert að rýmka þessar lánaheimildir safnsins og bendir ennfremur á að eðlilegt sé í slíkum tilfellum að höfundar fái sérstakar greiðslur vegna þessarar notkunar.

Í 12. gr. núgildandi laga um Listasafnið er sérstaklega tekið fram að við lán á listaverkum safnsins skuli ætíð gætt réttar höfunda vegna lána á verkum þeirra til sýninga. Jafnframt er í 2.mgr. sömu greinar sérstaklega tekið fram að setja skuli á stofn sérstaka útlánadeild við safnið og einnig að heimilt sé að lána listaverk til tiltekinna opinberra stofnana sé meirihluti safnráðs því samþykkur. Stjórn Myndstefs telur mjög varhugavert að rýmka þessa heimild með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir og leggur áherslu á að lánaheimildum á verkum úr safninu verði skorin mjög þröngur stakkur. Þá bendir stjórn Myndstefs ennfremur á að ákvæði þetta fer gegn þeirri meginreglu höfundaréttar að höfundar verndaðra verka skuli fá þóknun fyrir afnot þeirra.

Athugasemd við 7. gr.

Í greinagerð um 2.mgr. 7. gr. í frumvarpinu er þess getið að ágreiningur hafi komið upp milli stjórnenda safnsins og réttihafa höfundaréttar um túlkun á 13. gr. núgildandi laga um Listasafnið. Hér er um að ræða misskilning af hálfu höfunda frumvarpsins þar sem í gildi er samningur milli Listasafns Íslands og Myndstefs – Myndhöfundasjóðs Íslands þar sem samið hefur verið um alla notkun safnsins á vernduðum höfundaverkum og er því ekki um að ræða neinn ágreining um túlkun höfundaréttar á þessu sviði milli forráðamanna listasafnsins og samtaka myndhöfunda. Við gerð samningsins var haft samráð við starfsmenn Menntamálaráðuneytisins sem fyrir sitt leyti gerðu engar athugasemdir við frágang hans enda sambærilegir samningar í gildi á öllum Norðurlöndum. Ljóst er að skv. 25. gr. höfundalaga nr. 73/1972 með eftirfarandi breytingum hefur safnið fullan rétt til opinberra kynninga á listaverkum í eigu safnsins á listsýningum eða með öðrum hliðstæðum hætti enda telst safnið vera opinbert listasafn sem almenningur hefur aðgang að.

Hvað varðar rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar fyrir það sjálft hefur safnið rétt til slíkrar notkunar endurgjaldslaust skv. núgildandi lögum um safnið sbr., einnig ofangreindan samning við Myndstef um notkun á vernduðum verkum og höfundalög 12. gr. Notkun safna með þeim hætti sem hér greinir er heimiluð í öllum höfundalögum Norðurlanda og er alfarið bundin við notkun safnanna í eigin þágu í söfnunum sjálfum. Rétt þykir í þessu sambandi að vísa í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 sem hefur verið lögfest hér á landi 5. gr. tilskipunarinnar 2. tölulíð c) að þessi afnot safna eru alfarið bundin við að afnotunum fylgi ekki beinn eða óbeinn efnahagslegur eða viðskiptalegur ávinningur.


Myndstef leggur því til að 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins verði orðuð með eftirfarandi hætti: *“Safnið hefur rétt til opinberra sýninga á listaverkum á vegum safnsins en um lán verka á listsýningar gilda ákvæði 6. gr. Ennfremur hefur safnið rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar á vernduðum verkum fyrir það sjálft, til skrásetningar í gagnagrunn safnsins og til kynningar á einstökum sýningum. Til annarrar eftirgerðar eða útgáfu þarf samþykki höfundaréttarhafa. Höfundur á kröfu til þess að safnið heimili honum aðgang að verki hans til fjölföldunar og útgáfu sbr. 25.gr.a. höfundalaga nr. 73/1972 eins og henni var breytt með 9. gr. laga nr. 57/1992.”*

Athugasemd við 2. mgr. 8. gr.

Í greininni er listasafninu heimilað að taka sérstakt gjald fyrir þjónustu sína svo sem lán á listaverkum o.fl. Stjórn Myndstefs telur rétt að sérstaklega sé tekið fram að við slíka þjónustu skuli safnið gæta þess að höfundar fái greitt fyrir þau afnot af vernduðum verkum sem greinin tekur til enda er það í samræmi við gildandi reglur höfundalaga.

Að öðru leyti en ofan greinir gerir stjórn Myndstefs ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

f.h. stjórnar Myndstefs


Knútur Bruun, form.